

AFREKSSTEFNA HRÍ 2025-2029

maí 2026

1. Almenn atriði	2
2. Fjöldi iðkenda og hæfileikamótun – almenn atriði	2
Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)	3
Skammtímamarkmið HRÍ (til 2026)	3
3. Afreksíþróttafólk	3
Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)	4
Leiðir HRÍ að langtímamarkmiðum	4
Skammtímamarkmið HRÍ	5
Leiðir HRÍ að skammtímamarkmiðum	5
4. Þjálfarar	5
Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)	6
Skammtímamarkmið HRÍ	7
5. Aðstaða	7
Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)	7
Skammtímamarkmið HRÍ	7
6. Stoðþjónusta - Heilbrigðisteymi	7
Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)	8
Skammtímamarkmið HRÍ	8
7. Fjármögnun	8
Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)	8
Skammtímamarkmið HRÍ	8

1. Almenn atriði

Hjólreiðar eiga sér langa sögu hér á landi en íþróttin er tiltölulega ung með tilliti til afreksíþróttar. Hjólreiðar sameina náttúruna og manninn auk þess sem hjólreiðar eru sífellt algengari sem daglegur ferðamáti hér á landi. Útivist, hreyfing og félagsskapur eru þættir sem hjólreiðaíþróttin horfir til og íþróttin veitir ánægju og heilsubót. Hjólreiðar eru íþrótt sem flest allir geta tileinkað sér en hún skapar jákvætt viðhorf og styður heilbrigð gildi. Hjólreiðahreyfingin á Íslandi er mjög stór þegar litið er til allra þeirra sem stunda hjólreiðar á einn eða annan hátt. Samanstendur hreyfingin af hinum almenna hjólreiðamanni[1], aðildarfélögum HRÍ, landsliðsfólki og samtökum tengdum HRÍ. Hjólreiðasamband Íslands (HRÍ) gegnir því hlutverki að vera leiðandi og sameinandi afl innan hjólreiðahreyfingarinnar á Íslandi og er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí). Hjólreiðasambandið er fulltrúi hreyfingarinnar á erlendum vettvangi og vinnur í góðu samstarfi við alþjóða hjólreiðasambandið (UCI) auk aðildarfélaganna innan þess. Hjólreiðasambandið hefur mikilvægu hlutverki að gegna gagnvart sínum aðildarfélögum og hinum almenna hjólreiðamanni og hefur sett sér neðan greind markmið til að sinna því hlutverki sem best verður á kosið. Þessi afreksstefna HRÍ sem hér er sett fram var unnin vorið 2026 af Landsliðs- og afreksnefnd HRÍ ásamt framkvæmdastjóra sambandsins og er byggð á afreksstefnum fyrri ára. Afreksstefnan gildir til 4 ára í senn en þó með endurskoðun á hverju ári. Það er stjórn HRÍ sem ber ábyrgð á að afreksstefnan sé uppfærð árlega og að unnið sé markvisst að þeim markmiðum sem sett eru þar fram hverju sinni. Landsliðs- og afreksnefnd ber þó einnig ábyrgð á ákveðnum hlutum stefnunnar en komið er að því síðar. Hlutverk HRÍ er að móta stefnuna og setja línurnar fyrir komandi tíma en hlutverk aðildarfélaganna er að halda utan um iðkendur sína og vinna í takt við afreksstefnuna. Auk þess er afreksstefnan tekin fyrir á Hjólreiðapingi og/eða formannafundi ár hver þar sem farið er yfir einstök atriði hennar.

[1] Í þessari stefnu er hinn almenni hjólreiðamaður skilgreindur sem einstaklingur sem stundar hjólreiðar sér til heilsubóta og ánægju, hvort sem hann sé meðlimur í aðildarfélagi eða ekki.

2. Fjöldi iðkenda og hæfileikamótun – almenn atriði

Markmið HRÍ er að fjölga bæði iðkendum innan aðildarfélaganna (sem að æfa hjólreiðar til keppni) en einnig þeim sem stunda hjólreiðar sér eingöngu til gagns og gamans. Í dag eru rúmlega 1,200 iðkendur skráðir í aðildarfélög HRÍ. En HRÍ stendur fyrir verkefnum fyrir ungt og efnilegt hjólreiðafólk á aldrinum 15-22 ára, þar á meðal eru verkefni á vegum UCI (Alþjóðlega hjólreiðasambandsins) og UEC (Evrópska hjólreiðasambandið). HRÍ heldur utan um slík verkefni og velur tilvonandi afreksfólk í samráð i við aðildarfélög og landsliðsþjálfara. Leitast er við að skapa verkefni sem eru til þess gerð að hjálpa iðkendum að ná sem mestum framförum. Verkefni geta verið í senn þjálfunarleg og fræðileg. Auk þess stendur HRÍ fyrir hæfileikamótun fyrir ungt og efnilegt hjólreiðafólk. Í því felst m.a. að kalla til æfingabúða/samæfinga fyrir þá einstaklinga sem taldir eru skara fram úr í sinni grein hverju sinni. Þessir iðkendur eru valdir af þjálfurum aðildarfélaganna, afreksnefnd og landsliðsþjálfara hverju sinni. Markmiðið þar er að skapa jákvætt og skemmtilegt umhverfi fyrir alla iðkendur sem og efla og styðja við afreksstarf félaganna.

Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)

- Fjölga þjálfurum og stuðla að aukinni menntun þeirra.
- Gera íþróttina sýnilegri í fjölmiðlum, þannig að almenningur eigi auðveldara með að afla sér upplýsinga um hana.
- Gera afreksfólk okkar að sýnilegum fyrirmyndum fyrir börn og ungmenni um allt land.
- Stuðla að eflingu aðstæðna fyrir hjólréiðafólk á vegum úti en jafnframt með stefnu að byggingu hjólréiðahallar og/eða BMX keppnisbrautar.
- Halda hæfileikamótunar helgi innanlands 2x á ári fyrir ungt og efnilegt hjólréiðafólk.
- Efla samstöðu meðal ungs hjólréiðafólks (14-22 ára) þar sem yfirleitt eru þetta fámennir hópar frá hverju félagi og því skiptir máli að þessi hópur þekkist vel þvert á félög.

Skammtímamarkmið HRÍ (til 2026)

- Halda hæfileikamótunar helgi/samæfingu innanlands 1x að vori og 1x að hausti.
- Gera heimasíðu sambandsins aðgengilegri og með meiri upplýsingum um íþróttina.

3. Afreksíþróttafólk

Samkvæmt ÍSÍ er afreksmaður hver sá sem stenst ákveðna viðmiðun við heimsafrekaskrá í viðkomandi grein. Um framúrskarandi íþróttamann er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, sbr. skilgreiningu Afrekssjóðs ÍSÍ og viðkomandi sérsambands. Skuldbinding iðkenda til fullrar þátttöku er grunnforsenda þegar kemur að vali í landslið HRÍ. Markmiðið er að landsliðsþjálfarar og afreksnefnd kynna í upphafi hvers tímabils (okt) þær kröfur sem gerðar eru til þátttakenda (skammtímamarkmið). Viðburðaáætlun (sameiginlegar æfingar, fræðsla, mót) er sett upp fyrir hóp innan hvernar greinar. Áætlun um aðkomu fagteymis HRÍ að undirbúningi liðsmanna er hluti af viðburðaáætlunar.

Afreksíþróttafólk er sá aðili sem leggur stund á sína íþrótt þannig að allar hans æfingar, keppni, undirbúningur og vinna miðar skipulega og markvisst að því að ná lengra í dag en í gær. Afreksíþróttafólk æfir og keppir eins oft og nokkur kostur er við bestu hugsanlegar aðstæður. Útsjónarsemi, leitun að þekkingu og færni eru megin leiðarljós afreksmanns þegar hann útfærir vinnu sína til að gera betur en keppinautar sínir.

Afrek á íslenskan mælikvarða í hjólréiðaiþróttinni telst vera:

- A. Íslandsmeistaratitill í elite flokki í sinni grein.
- B. Stigamótstitill í elite flokki í sinni grein.
- C. Æfir og/eða keppir í hjólréiðum erlendis og hefur sýnst fram á sambærilega frammistöðu við ofangreind atriði.

Afreksefni er aðili sem sýnir getu og eiginleika sem skara fram úr keppendum á svipuðum aldri og er líklegur til að verða afreksmaður með viðeigandi stuðningi og þjálfun.

Sameiginlegt markmið hjólréiðahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi afreksfólk í fremstu röð. Til þess að nálgast markmið hreyfingarinnar setur HRÍ sér bæði langtíma- og skammtímamarkmið.

Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)

- Að byggja upp landslið yngri iðkenda.
- Að hafa krefjandi og spennandi verkefni fyrir yngri landslið.
- Að gefa út kröfur sem settar eru varðandi þátttöku í verkefnum á vegum HRÍ/landslið.
- Að standa fyrir samæfingum landsliðsins með reglulegum hætti og tryggja aðgang landsliðsfólks að heilbrigðisteymi/þjálfara til ráðgjafar og handleiðslu.
- Að landsliðsfólki verði sköpuð sú umgjörð við þjálfun, aðstoð á mótum og samkeppni á æfingum sem þarf til að ná langt.
- Að bjóða erlendum keppismönnum og/eða þjálfurum til landsins til þess að taka þátt í mótum og æfa með íslenska landsliðinu.
- Að koma unglíngalandsliði á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2027.
- Að eiga keppendur á Evrópubikarröðum.
- Að eiga keppendur í atvinnumannaliðum í Evrópu.
- Að eiga keppendur á Ólympíuleikum.

Leiðir HRÍ að langtímamarkmiðum

Langtímamarkmiðum sínum hyggst HRÍ ná með skýrum reglum um val einstaklinga í landslið og verkefni á vegum HRÍ, ráðningu hæfra landsliðsþjálfara og fagteymis, auk áherslu á fagleg vinnubrögð í nefndum sambandsins. Einnig er mikilvægt að reyna að tryggja ákveðna samfellu í því sem snýr að landsliði og að eðlileg samkeppni sé um sæti í landslið. Markmið yngri landsliða og/eða æfingahópa er að gefa til kynna með skýrum hætti hvaða einstaklingar koma til með að vera inni í áætlunum HRÍ um val á landsliði í framtíðinni. Skipuleg og samfelld umgjörð er mikilvæg, þar sem að fagteymi og þjálfarar vinna saman og horfa til lengri tíma.

Möguleg verkefni næstu 4 ár

Hér eru upptalin þau verkefni sem stefnt er að ef fjárhagur leyfir og keppendur hafa sýnt árangur sem uppfyllir skilyrði til þátttöku. Verkefni geta fallið niður ef ekki er til nægilegt fjármagn.

RR	DH	XCO	Gravel
2026 <ul style="list-style-type: none"> • European Championships (Ljubljana Slóveníu) • Heimsmeistaramót (Montréal, Kanada) 	2026 <ul style="list-style-type: none"> • Norðurlandamót (tba) • European Championships (Val di Sole, Ítalíu) 	2026 <ul style="list-style-type: none"> • Norðurlandamót (Gautaborg, Svíþjóð) • Evrópumeistaramót (tba) 	2026 <ul style="list-style-type: none"> • Evrópumeistaramót (Houffalize, Belgíu) • Norðurlandamót (Storskoven, Danmörk) • HM n/a (Astralíu)
2027 <ul style="list-style-type: none"> • EYOF (árg '11-'12) • Evrópumeistaramót (tba) • Heimsmeistaramót – allar greinar (Haute-Savoie, Frakklandi) 	2027 <ul style="list-style-type: none"> • Evrópumeistaramót (tba) • Heimsmeistaramót – allar greinar (Haute-Savoie, Frakklandi) 	2027 <ul style="list-style-type: none"> • Norðurlandamót (tba) • Evrópumeistaramót (Gautaborg, Svíþjóð) • Heimsmeistaramót – allar greinar (Haute-Savoie, Frakklandi) 	2027 <ul style="list-style-type: none"> • Evrópumeistaramót (Lathi, Finnlandi) • Heimsmeistaramót – allar greinar (Haute-Savoie, Frakklandi)
2028 <ul style="list-style-type: none"> • Evrópumeistaramót (tba) • Heimsmeistaramót (Sameinuðu arabísku furstadæmin) • Ólympíuleikar (Los Angeles, Bandaríkin) 	2028 <ul style="list-style-type: none"> • Norðurlandamót (tba) • Evrópumeistaramót (tba) • Heimsmeistaramót (Leogang, Austurríki) • Ólympíuleikar (Los Angeles, Bandaríkin) 	2028 <ul style="list-style-type: none"> • Norðurlandamót (tba) • Evrópumeistaramót (tba) 	2028 <ul style="list-style-type: none"> • Evrópumeistaramót (Silkeborg, Danmörk) • Heimsmeistaramót (tba)
2029 <ul style="list-style-type: none"> • Evrópumeistaramót (L'Aquila, Ítalíu) • Heimsmeistaramót (Danmörk) • Smáþjóðaleikarnir (Lúxemborg) 	2029 <ul style="list-style-type: none"> • Norðurlandamót (tba) • Evrópumeistaramót (tba) • Heimsmeistaramót (Leogang, Austurríki) 	2029 <ul style="list-style-type: none"> • Norðurlandamót (tba) • Evrópumeistaramót (tba) • Smáþjóðaleikarnir (Lúxemborg) 	2029 <ul style="list-style-type: none"> • Evrópumeistaramót (tba) • Heimsmeistaramót (Sviss)

Skammtímamarkmið HRÍ

Á hverju hausti setja fagnefndir HRÍ, í samráði við landsliðsþjálfara, markmið fyrir komandi tímabil.

- Setja fram verkefnaáætlun fyrir hverja keppnisgrein (hæfileikamótun, úrtakshópur, keppnir)
- Gefa út kröfur varðandi þátttöku í verkefnum.
- Gefa út plan fyrir æfingaferðir.
- Gefa út plan um námskeið/fræðslu bæði fyrir iðkendur sem og þjálfara.
- Að þjálfarar, þátttakendur og hópstjórar skili inn skýrslum eftir verkefni/æfingar þar sem koma fram upplýsingar um frammistöðu, árangur, hvaða reynsla safnaðist, o.þ.h.

Leiðir HRÍ að skammtímamarkmiðum

Fagnefndir HRÍ stilla upp formlegum starfsáætlunum sínum sem endurspeglar skammtímamarkmið nefndanna. Starfsáætlun nær til skilgreiningu á verkefnum landsliða á komandi tímabili og ábyrgðaskiptingu þeirra. Fagnefndirnar og landsliðsþjálfari bera alla jafnan ábyrgð á eftirfylgni áætlana.

4. Þjálfarar

Í dag gerir HRÍ engar kröfur um menntun eða hæfni þjálfara innan aðildarfélaganna. Sambandið er með landsliðsþjálfara en hefur ekki nægilega skýra sýn um kröfu eða hlutverk hans. Langtímamarkmiðið er að allir þjálfara innan aðildarfélaganna hafi lokið a.m.k. 1. stigi þjálfaramenntunar ÍSÍ auk þess að búa yfir þekkingu og reynslu í sinni grein innan hjólræðanna.

Hjólræðasamband Íslands stuðlar að menntun þjálfara innan hjólræðahreyfingarinnar með því að benda á námskeið, fræðslu og annað slíkt sem stendur til boða hvort sem er innanlands eða erlendis. Í boði eru nokkrar leiðir fyrir þá sem vilja bæta þekkingu sína í þjálfun. HRÍ bauð uppá s.l. vor 2. stig UCI þjálfaranáms bæði í götu- sem og fjallahjólræðum. Ekki má gera ráð fyrir það verði endurtekið í náinni framtíð en hinsvegar mun sambandið halda áfram að vísa aðildarfélögum á þau námskeið sem í boði eru annarsstaðar eins og t.d. hjá ÍSÍ og svo hjá erlendum aðilum. Mikið vantar uppá að þjálfarar innan íþróttarinnar sækji betur þjálfaramenntunarnám sem ÍSÍ býður uppá. Annars eru þær leiðir sem hægt er að fara:

Þjálfaramenntun ÍSÍ:

- **1 stig þjálfaramenntunar:** Að loknu þessu stigi á þjálfarinn að geta skipulagt og stjórnað æfingatíma hjá börnum og unglingum á byrjendastigi. Til þess þarf hann að hafa grundvallarþekkingu á líkamlegum og andlegum þroska barna og unglinga. Hann þarf að þekkja starfsemi líkamans auk helstu aðferða við kennslu. Þjálfarinn á að kunna helstu grunnatriði í tækni, leikfræði og reglum í séríþróttagrein.
- **2 stig þjálfaramenntunar:** Að loknu þessu stigi á þjálfarinn að geta þjálfað unglinga og fullorðna sem hafa árangur í keppni að markmiði. Til þess þarf hann að hafa haldgóða þekkingu á starfsemi líkamans og skipulagi þjálfunar til lengri og skemri tíma. Hann þarf að hafa undirstöðuþekkingu á hreyfingarfræði og kunna grunnatriði í sálfræði íþróttar. Þjálfarinn þarf að hafa fengið þjálfun í að tjá sig og koma fram fyrir framan hóp af fólki. Þjálfarinn þarf að hafa góða þekkingu á tækni, leikfræði og reglum í séríþróttagrein. Auk þess þarf hann að kunna skil á helstu þjálfunaraðferðum viðkomandi greinar.
- **3 stig þjálfaramenntunar:** Að loknu þessu stigi á þjálfarinn að geta tekið að sér að skipuleggja og útfæra þjálfun hjá félagi eða deild. Hann á að geta tekið að sér þjálfun yngri landsliða og kennt á námskeiðum hjá sérsamböndum og ÍSÍ.

Önnur sérhæfð námskeið:

- PMBI (Professional Mountain bike instructor) - 3 stig af námskeið um fyrir leiðbeinendur á fjallahjólum. Námskeiðin eru haldin um allan heim og eru viðurkennd í flest öllum löndum.
- UCI þjálfaranámskeið – 1-3 stig. Sambærileg ÍSÍ námskeiðunum en þó ólík að þau eru eingöngu að horfa á hjólreiðar. Hægt er að fá leiðbeinendur til að halda námskeið á Íslandi eða senda þjálfara erlendis á námskeið.
- Námskeið á vegum World Cycling Center fyrir þjálfara
- Önnur almenn fræðsla tengd t.d. framkomu, siðferði, skipulagi, mælingum á afreksíþróttafólki, næringarfræði, oþh.

Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)

- Að allir þjálfarar sem koma að afreksþjálfun HRÍ hafi lokið 3. stigi þjálfaramenntunar hjá ÍSÍ og/eða háskólagráðu í íþróttfræðum (eða sambærilegu námi) og hafi yfirgripsmikla þekkingu og reynslu í sinni hjólreiðagrein.
- Að allir þjálfarar innan aðildarfélaganna hafi lokið 1. stigi þjálfaramenntunar hjá ÍSÍ (eða sambærilegu námi).
- Að skilgreina hlutverk landsliðþjálfara.
- Að halda UCI þjálfaranámskeið á Íslandi annað hvert ár eða styrkja þjálfara til að fara erlendis á samskonar námskeið.
- Að halda PMBI þjálfaranámskeið annað hvert ár.
- Að halda annarskonar fræðslunámskeið fyrir þjálfara reglulega, 2-4x á ári (fjar- eða á staðnum).
- Að styrkja þjálfara til náms hjá erlendum aðilum (að því gefnu að fjármagn sé til, námið sé viðurkennt og þjálfarinn sýni fram á að hann muni nýta námið hérlandis íþróttinni til framdráttar).
- Að gera fræðsluefni aðgengilegt á heimasíðu HRÍ.

Skammtímamarkmið HRÍ

- HRÍ mun hvetja öll aðildarfélög til að senda sína þjálfara á þjálfaranámskeið (hvaða stig sem er) til að auka fagmennsku í greininni.
- HRÍ mun óska eftir stuttri skýrslu um stöðu menntunar hjá þjálfurum innan aðildarfélaganna.
- Skilgreina hlutverk landsliðþjálfara sem meðal annars tæki þátt í hæfileikamótun, gerð viðburðaáætlunar fyrir afreksíþróttafólk innan sambandsins og aðstoða við þekkingar aukningu félagsþjálfara

5. Aðstaða

Aðstaða fyrir hjólreiðaiðkendum þarf að mæta kröfum hins almenna iðkanda og afreksmanna. Aðstaða fyrir afreksmenn er takmörkuð og þarfnast úrbóta. Það þarf að skilgreina æfingaaðstöðuna sem keppnisvöll og með sama hætti og aðrar íþróttagreinar gera.

Staðan í dag er sú að flestar æfingar sem fara fram utan dyra fara fram á götum, gangstéttum, stígum eða öðrum stöðum þar sem einnig er leyfð umferð bíla, gangandi, hunda, hesta og þess háttar. Þessi staða er takmarkandi fyrir þjálfun afreksfólks í greininni sökum þeirrar hættu sem getur skapast þegar hjólað er á sama stað og önnur umferð. Hjólreiðar er frekar ný grein á Íslandi og hefur almenningur ekki aðlagast

hjólréiðafólki nógu vel og oft og tíðum er ekki tekið tillit til hjólréiðafólks. Það þarf að vinna með þessi atriði t.a.m. með því að gera hjólréiðafólk sýnilegra í umferðinni, gera sérmerkt svæði til hjólréiða og fleira slíkt. Aðstaða til að stunda hjólréiðar innanhúss er á þann veg að flest aðildarfélag bjóða uppá inniæfingar á til þess gerðum hjólum og hafa aðstöðu til styrktarþjálfunnar en það sem sárleg vantar til að gera inni aðstöðuna enn betri er hjólréiðahöll.

Núverandi aðstaða fyrir afreksstarf er ekki sérstaklega skilgreind og þarf í raun ekki mikið til nema þá aðgang að staðbundnum hjólum hjá einhverju aðildarfélaganna sem dæmi.

Aðstaða til keppni í hjólréiðum á Íslandi er í flestum tilvikum háð leyfum frá sveitarfélögum, lögreglu og Vegagerð.

Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)

- Að koma að uppbyggingu hjólréiðaaðstöðu.
- Að skilgreina hvað þarf til að aðstaða fyrir afreksstarf sé fullunandi.
- Auðvelda aðgengi að leyfum fyrir hjólréiðakeppnir og auka skilning leyfishafa á mikilvægi þess að fyllsta öryggis sé gætt í hjólréiðakeppnum.

Skammtímamarkmið HRÍ

- Að allar umsóknir um leyfi fyrir hjólréiðakeppnum fari í gegnum HRÍ.
- Byrja ferlið um uppbyggingu á hjólréiðaaðstöðu.

6. Stoðþjónusta - Heilbrigðisteymi

Með heilbrigðisteymi er átt við fagfólk með menntun í heilbrigðisfræðum og aðra sérfræðinga á sviði íþróttá- og lífeðlisfræða. Með stoðþjónustu er átt við teymi sem vinna með þjálfurum íþróttafólksins s.s. styrktar- og úthaldþjálfun og leik- og myndgreining.

HRÍ er ekki með starfandi heilbrigðisteymi heldur styður sig við heilbrigðisteymi ÍSí.

Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)

- Auka við stoðþjónustu til aðildarfélaga og gera hana sýnilegri.
- Gera samninga við ÍSí varðandi aðgengi HRÍ að heilbrigðisteymi ÍSí.
- Gera stoðþjónustu og heilbrigðisteymi aðgengilegra fyrir iðkendur.

Skammtímamarkmið HRÍ

- Skilgreina hlutverk stoðþjónustu og hver ber ábyrgð á hverju.
- Skilgreina hlutverk heilbrigðisteymis og aðgengi að þeirri þjónustu fyrir iðkendur.
- Gera samninga við ÍSí varðandi aðgengi að aðilum er sinna hlutverki heilbrigðisteymis.

7. Fjármögnun

Landsliðsverkefni eru fjármögnuð með afreksstyrkjum frá Afrekssjóði ÍSÍ, með Lottó tekjum, af öðrum tekjum sambandsins og með styrkjum frá styrktaraðilum.

Fjármögnun HRÍ og gerð fjárhagsáætlana er á ábyrgð stjórnar HRÍ og unnið í sameiningu af framkvæmdastjóra, formanni og stjórn. Fjárhagsáætlun er unnin fyrir hvert ár í senn og lögð fram á Hjólreiðapingi sem haldið er á hverju ári til samþykktar.

Langtímamarkmið HRÍ (til 2029)

- Að leggja áherslu á og passa uppá að hluti fjármagns sambandsins fari í hæfileikamótun og afreksþjálfun fyrir ungt hjólreiðafólk
- Að leggja áherslu á að fjármagna heilbrigðisteymi fyrir afreksfólk innan greinarinnar
- Að leggja áherslu á menntun og fræðslu til þjálfara aðildarsambanda og landsliðsþjálfara
- Að fjármagn til afreksfólks sé nægjanlegt til að hægt sé að fara í landsliðferðir án þess að einstaklingar þurfi að leggja út umtalsverða fjárhæð fyrir kostnaði.
- Að auka tekjur sambandsins með einum eða öðrum hætti.
- Að gera fleiri samninga við styrktaraðila.

Skammtímamarkmið HRÍ

- Skilgreina hlutföll af tekjum sem fara í hæfileikamótun, afreksmál, þjálfaramál
- Skilgreina ábyrgð og hlutverk á samningagerð við styrktaraðila.
- Gera fræðsluáætlun þar sem þjónusta heilbrigðisteymis er nýtt.